

## Uppbygging á íslenskuprófi fyrir ríkisborgararétt:

Prófið skiptist í fjóra (4) hluta: **Hlustun, lestur, ritun og tal.**

**Hlustun:** Í þessum hluta er hlustað á upptöku af samtali milli tveggja einstaklinga og upplestri af tveimur stuttum textum um efni úr daglegu lífi. Lesnar eru upp spurningar úr samtali og textum og merkt við rétt svar á svarblaði.

### Dæmi um samtál í hlustun:

- Kona: Heilsugæslan, góðan daginn.
- Maður: Góðan dag. Ég á tíma hjá Ásdísi á þriðjudaginn klukkan tíu en ég þarf að breyta tímanum.
- Kona: Látum okkur nú sjá, hver er kennitalan þín?
- Maður: 150481-2379
- Kona: Geturðu komið klukkan tuttugu mínútur yfir ellefu?
- Maður: Ég get ekki komið á þriðjudaginn, ég er upptekinn allan daginn.
- Kona: Þá á ég ekki tíma fyrr en á föstudaginn klukkan hálfjögur.
- Maður: Áttu engan tíma á fimmtudaginn?
- Kona: Nei, því miður, ætlarðu að fá þennan tíma?
- Maður: Já, ég tek hann bara, verð kannski aðeins of seinn!

### Dæmi um spurningar lesnar upp í hlustun:

11. Hvert hringdi maðurinn? Hann hringdi

- A. á tannlæknastofu.
- B. í heilsugæslu.
- C. í heilsuræktina.

12. Af hverju hringdi maðurinn?

- A. Hann þurfti að breyta tímanum.
- B. Hann þurfti að afpanta tímann.
- C. Hann gleymdi tímanum.

13. Af hverju gat maðurinn ekki komið á þriðjudaginn? Hann var

- A. í útlöndum.
- B. upptekinn.
- C. veikur.

14. Hvernær fékk maðurinn annan tíma?

- A. á fimmtudaginn klukkan 11:20.
- B. á þriðjudaginn klukkan 11:20.
- C. á föstudaginn klukkan 11:20.

Svarblað fyrir hlustun:

**Hlustun A**

	<b>A</b>	<b>B</b>	<b>C</b>
<b>11.</b>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>12.</b>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>13.</b>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
<b>14.</b>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

**Lestur:** Í þessum hluta á að lesa 2 texta og svara 5 spurningum við hvorn texta.

**Dæmi um texta í lesskilningi:**

**María**

María er frá Spáni. Hún á heima á Íslandi. Hún er búin að vera á Íslandi í tólf ár. María á íslenskan mann sem heitir Finnur. Þau eiga þrjú börn. Dóttir þeirra heitir Soffía og er tíu ára. Synir þeirra heita Tómas, sem er átta ára og Jón, sem er sex ára.

María er að vinna. Hún er að vinna á heimili fyrir gamalt fólk. María vinnur kvöldvaktir. Hún þarf að vakna klukkan hálf sjö. María vekur börnin sín klukkan sjö og gefur þeim morgunmat. Hún fer í vinnuna klukkan þrjú. Hún vinnur stundum um helgar. Hún hefur stundum frí virka daga. Í gær var sunnudagur. María var að vinna.

Hún á frí í dag, mánudag. Núna er klukkan 10 og María er úti að ganga. Hún ætlar að versla seinna í dag í Smáralind. Hún ætlar að fara í bíó í kvöld með Finni, manni sínum. María saknar Spánar en finnst ágætt að vera á Íslandi.

**Spurningar**

- 1. Hvaðan er María? Hún er frá**
  - Ítalíu
  - Spáni
  - Svíþjóð
- 2. Hvað hefur María verið lengi á Íslandi?**
  - 10 ár
  - 12 ár
  - 15 ár

3. **Hvar vinnur María? Hún vinnur**

- á elliheimili
- á sjúkrahúsi
- á leikskóla

4. **Hvenær vaknar María? Klukkan**

- 6:30
- 7:00
- 7:30

**Hvað ætlar María að gera í kvöld? Hún ætlar að fara í**

- bíó
- göngutúr
- Smáralind

**Ritun:** Í þessum hluta á að skrifa minnst 5 setningar um mynd og minnst 5 setningar um efni.

**Dæmi um mynd í ritun:**



**Hvað er að gerast á myndinni? Skrifaðu minnst 5 setningar.**

**Dæmi um efni í ritun:**

**Einn dagur í lífi mínu. Skrifaðu minnst 5 setningar.**

**Tal:** Í þessum hluta átt þú að sýna hvernig þér gengur að tala íslensku. Mun að tala eðlilega og skiljanlega íslensku og nota setningar en ekki stök orð. Fyrst er þér sýnt hefti með 5 myndum og þú átt að segja hvað er að gerast á myndunum. Segja þarf minnst 1 setningu um hverja mynd. Í næsta hluta á að tala um efni sem þér er gefið í prófinu. Segja þarf minnst 5 setningar um efnið.

**Dæmi um mynd í tal-heftinu:** Segja þarf minnst 1 setningu um hverja mynd.



Hér er hægt að segja **Fjölskyldan borðar saman** en ekki nóg að segja BORÐA.

**Dæmi um efni til að tala um:**

**Einn dagur í lífi mínu.** Segja þarf minnst 5 setningar um efnið.